


JÓNAS MEÐ EINKASÝNINGU Á KJARVALSSTÖÐUM

Á laugardaginn opnaði Jónas Guðmundsson rithöfundur, og listmálari málverkasýningu að Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru rúmlega 70 myndir, flestar vatnslitamyndir, og eru þær

málaðar á árunum 1976 og 1977. Þá eru og sýndar nokkrar eldri myndir, þar af nokkrar sem eru í einkaeign. Jónas Guðmundsson mun bráðlega sýna verk sín á árlegri vörusýningu í Galleri Clas-

ing í Vestur-Þýzka-landi. Er það einkasýning sem stendur í tvo mánuði og heldur stofnunin árlega slíka sýningu til kynningar á innlendum og erlendum listamönnum.

—mynd&texti: —ARH



Allir unglingar ættu að geta haft nóg fyrir stafni í sumar:

Reiðskóli, siglinganámsskeið hjólreiðar og sveitiferðir

— ER MEÐAL ÞESS SEM ÆSKULÝÐSRÁÐ BÝÐUR Í SUMAR

Æskulýðsráð hefur sent frá sér bæklinginn „Sumarstarf fyrir börn og unglunga 1977“. Í bæklingnum er framboð borgarstofnana á starfi og leik fyrir börn og unglunga í sumar.

Flest atriðin sem boðið er upp á snerta íþróttir og útivist, en einnig skemmtisamkomur ungs fólks. Þær stofnanir sem bjóða upp á leiki og störf fyrir unga fólk í sumar eru Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur, Æskulýðsráð Reykjavíkur, Leikvallanefnd Reykjavíkur, Íþróttaráð Reykjavíkur, Skólagarðar Reykjavíkur og Vinnuskóli Reykjavíkur.

Siglingar

Meðal þess sem unglungum er gefinn kostur á að stunda eru siglingar í Nauthólsvík. Það er siglingaklúbburinn Siglunes, sem býður upp á siglinganámsskeið, fyrir byrjendur og lengra komna. Námskeiðin verða í Nauthólsvík og verður kennd meðferð báta og sigling seglbáta, einfaldar siglingareglur, varúð og viðbrögð við óhöppum á sjó og umhirdu búnaðar.

Hestamennska

Reiðskóli verður starfræktur á vegum Æskulýðsráðs Reykjavíkur og Hestamannafélagsins Fákis. Haldin verða tveggja vikna námskeið, aldur þátttakenda er 8-14 ára og þátttökugjald kr. 12.000.

Opin hús

Í safnaðarheimili Bústaðasóknar verður eitthvað um að vera hvert kvöld vikunnar í sumar. Má þar nefna diskótek, leiktæki, hjólreiðar, gönguferðir og fleira. Aldurstakmark er ýmist fædd 62, 63 eða 64 og eldri. Að Frikkirkjuvegi 11, verða starfræktir skemmti- og ferðaklúbbar og leikklúbbur unga fólksins Elding, verður þar einnig. Þar er góð aðstaða til fundarhalda fyrir æskulýðsfélög og samtök.


Í Fellahelli verður nóg um að vera, að venju. Diskótek á föstudögum og ýmiss konar úti- og störf fyrir börn og unglunga.

Kynniserðir í sveitina

Fyrri hluta júnímánaðar verður farið í kynnisferðir á sveitahéimili í Arnes- eða Rangárvallasýslu. Ferðirnar taka þrjú daga og verður dvalið á heimilinum. Dvölin er ókeypis en þátttakendur skuldbinda sig til að veita jafnöldrum úr sveitinni fyrirgreiðslu í Reykjavík. Fargjöld eru frá 800-1200 krónur, og er innritað á Frikkirkjuvegi 11.

Þetta er bara smáhluti af því sem Æskulýðsráð býður börnum og unglungum upp á í sumar. Enginn unglingur ætti því að þurfa að hanga aðgerðalaus á kvöldin, því nóg er um að velja.

—AB



TRYGGINGAMÁLIN

Næstkomandi laugardag, 7. maí, verður fundur á vegum Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur, þar sem fjallað verður um tryggingamálin, og stefnu Alþýðuflokksins í þessum mikilvæga málaflökki. Fundurinn verður haldinn í Iðnó, uppi, og hefst kl. 14.30 stundvíslega.

Frummælendur verða þeir Björgvin Guðmundsson borgarfulltrúi og Eggert G. Þorsteinsson frv. tryggingarráðherra. Fundarstjóri verður Tryggvi Jónsson.

Alþýðuflokksfólk fjölmennið og takið með ykkur gesti. Fylgizt með málefnum Alþýðuflokksins og því sem er að gerast í íslenskum stjórnmálum og hinum ýmsu málaflökkum.

Alþýðuflokksfélag Reykjavíkur — fræðslunefndin

Tækni/Visindi

Dauðageislinn 2.

HORNID
Skrifið eða hringið
í síma 81866

Undirstöðuatriði í sambandi við dauðageislann er að öll hans orka beinist að einum ákveðnum punkti.

Þetta er erfitt vegna þess að orkugeislar hafa tilhneigingu til að dreifast á leið sinni í gegn um andrúmsloftið.

Arið 1960 uppgötvaðu bandarískir vísindamenn geisla sem dreifist ekki, — lasergeislann.

Lasergeislinn er þeim eiginleikum búinn að öll hans orka flyzt að því marki sem honum er beint að og ljósorka hans hefur sömu áhrif og hiti.